

20. fundur Nefndar um málefni fatlaðra

Haldinn í Ráðhúsinu mánudaginn 19.okt. 2015 kl. 18.

Mætt voru: Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir formaður, Bogi T Bragason aðalmaður og Helga Guðmundsdóttir aðalmaður er ritaði fundargerð, Hjörleifur K Hjörleifsson formaður Snæfells og Magnús I Bæringsson formaður Æskulýðs og íþróttanefndar .

1. Formaður Snæfells Hjörleifur K Hjörleifsson og formaður Æskulýðs og íþróttanefndar Magnús I Bæringsson mættu og farið var yfir íþróttaiðkun fatlaðra hjá Snæfelli. Einn tími er fyrir fatlaða í íþróttahúsinu þar sem æft er Bodsía, er það fyrir alla aldurshópa og er þjálfari Sigurlín Sumarliðadóttir. Hefur ekki verið óskað eftir við Snæfell fleiri æfingum fyrir fatlaða í íþróttahúsinu. Umræða var um að þjálfarar á vegum Snæfells séu upplýstur um þann möguleika að einstaklingar með fötlun gætu átt rétt á stuðningi í formi liðveislu á vegum Félags og skólaþjónustunnar við almenna íþróttaiðkun á vegum Snæfells þurfi þeir sérstaka aðstoð við íþróttaiðkunina eða félagslega þátttöku í hópíþróttum. Hjörleifi og Magnúsi var bent á að Snæfell getur sett sig í samband við Félags og skólaþjónustu Snæfellinga til koma upplýsingum til foreldra. Einnig var umræða um þátttöku fatlaðra barna í X-inu þar sem barn getur átt rétt á liðveislu þurfi það aukna aðstoð við félagslega þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar. Hjörleifur og Magnús yfirgáfu fundinn.
2. Stefnumótunnar vinna, meðlimir nefndarinnar hafa kynnt sér þá þjónustu sem veitt er við fatlaða á Snæfellsnesi, lög og reglugerðir ásamt stefnumótun annarra bæjarfélaga því erlagt til að halda vinnufund mánudaginn 9. Nóv. Kl. 18.
3. Rýnihópur vegna búsetuþjónustu á Snæfellsnesi var kynntur. Tilnefnd voru í hópinn frá Nefnd um málefni fatlaðra í Stykkishólmi Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir og Helga Guðmundsdóttir aðalmenn og Högni Högnason og Bogi T Bragason varamenn. Nefndin fagnar að hafin sé vinna að stefnumótun í búsetuþjónustu fatlaðra á Snæfellsnesi.
4. Staða málefna fatlaðra í dag er að Ásbyrgi gengur vel og er full mannað í vetur.

Haldin verða námskeið í textíl einu sinni í viku fram að jólum, einstaklingsmiðað matreiðslunámskeið sem fara fram í heimahúsum og listasmiðja eina helgi í nóvember. Bodsía er einu sinni í viku eins og undanfarin ár.

Starfsemi starfsbrautar FSN hefur farið vel af stað, nemendur brautarinnar eru 7 talsins og þar af stundar einn nemandi brautarinnar nám sitt á Patreksfirði. Vegna verkfalla stuðningsfulltrús sem eru í SFR hafa foreldrar þurft að sækja nemendur í skólann kl. 13.20.

Sprettur félagsstarf fatlaðra 16 ára og eldri hefur hafið störf og sjá þær Hafrún Bylgja auk Lindu Rán um starfið í vetur, er þetta þriðja starfsvetur félagsstarfsins sem tekur stöðugri þróun.

Fundi slitið kl. 20.

Hafrún Bylgja Guðmunds (sign)

Helga Guðmundsd (sign)

Bogi T Bragason (sign)